

Erindisbréf

Starfshópur um frekari uppbyggingu leik- og grunnskóla í Sveitarfélaginu Árborg

Markmið: Starfshópurinn skal horfa til framtíðaruppbyggingar skólamannvirkja í sveitarfélaginu. Meginmarkmið starfshópsins er að meta næstu skref um frekari uppbyggingu leik- og grunnskóla í Sveitarfélaginu Árborg, m.a. með það að markmiði að greina hvar heppilegast sé að byggja nýja skóla í sveitarfélaginu. Þá þarf starfshópurinn að koma með tillögur að úrbótum, t.a.m. viðbyggingar eða færanlegt kennsluhúsnæði þar sem þörf krefur hverju sinni. Einnig skal hópurinn vinna að mótun framtíðarsýnar um skólalald á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Verkefni: Hópurinn meti hvar sé heppilegast að byggja næsta grunnskóla á Selfossi meðal annars út frá þróun byggðarinnar og spá um nemendafjölda. Hópurinn skoði skipan skólalaldar, mögulegar breytingar á þeim og reglum sem gilda um innritun í grunnskóla. Móta þarf framtíðarsýn um skólalald á Eyrarbakka og Stokkseyri í kjölfar fyrirhugaðs skólaþings haustið 2026. Framtíðarsýnin sem starfshópurinn mótar, í góðu samstarfi við bæjar- og fræðslufirvöld, nemendur og helstu aðila skólasamfélagsins, þarf að vera skýr og raunhæf. Loks þarf að huga að skipulagi og fjölda leikskóladeilda í sveitarfélaginu m.a. út frá biðlistum og fjölda ungra barna í sveitarfélaginu. Í störfum sínum taki starfshópurinn mið af heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks, skólanámskrá, nýjustu fagáherslum og þekkingu í skólamálum, svo sem gildandi lögum og reglugerðum um skólalald og menntastefnu Árborgar.

Starfshópurinn skipa fulltrúar bæjarráðs, formaður fræðslu- og frístundanevndar og bæjarstjóri. Starfsmenn hópsins skulu vera sviðsstjóri fjölskyldusviðs og sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs. Þá verði fleiri starfsmenn og aðilar skólasamfélagsins í Árborg kallaðir til þegar faghópurinn telur þörf á. Starfshópurinn fundar eftir þörfum, að jafnaði 4-6 sinnum á ári.

Þóknun: Ekki er sérstaklega greitt fyrir setu eða fundi í starfshópnum.

Samþykkt í bæjarráði _____ 2026